

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9
108 Reykjavík

Sími: 568-5620
Bréfsími: 568-7057
Netfang (E-mail): lmfi@tv.is

SÍMBRÉF:
(TELEFAX)

Alþingi
Erindi nr. P 123/1189
komudagur 2.3.'99

Dagsetning: 1. mars 1999
Fjöldi blaðsíðna: 1+1
Móttakandi: Nefndasvið Alþingis
b.t. Gunnars Jakobssonar
v/efnahags- og viðskiptanefndar

Efni: Frv. til laga um peningabvætti.

Ég sendi með símbréfi þessu tillögu LMFÍ um breytingu á frv. til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabvætti og lögmannalögum, sbr. tilmæli formanns efnahags- og viðskiptanefndar þar að lútandi í síðustu viku.

Fulltrúar LMFÍ eru reiðubúinir að koma á fund efnahags- og viðskiptanefndar til að skýra nánar út tillögur þessar.

Virðingarfyllt,

Marteinn Mátsson, framkv.stj.

Afrit tillögunnar:
Tryggvi Axelsson, viðskiptaráðuneytinu.
Jón Thors, dómsmálaráðuneytinu



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti, nr. 80/1993.

Tillaga um breytingu á frumvarpinu:

Ný málsgrein, sem verður 2. mgr., bætist við 1. gr. frumvarpsins:

Um fjárvörslur lögmannna skulu þó gilda sérákvæði í lögmannalögum.

Tillaga um breytingu á 23. gr. lögmannalaga, nr. 77/1998:

Við 23. gr. lögmannalaga, nr. 77/1998, bætast 3 nýjar málsgreinar, 2. - 4. mgr., svohljóðandi:

Við upphaf viðskiptasambands, sem felur í sér þjónustu sem fellur undir skilgreiningu 1. gr. laga nr. 80/1993, skal lögmaður krefjast þess af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja um nafn, lögheimili og kennitölu samkvæmt vottorði útgefnu af Hagstofu Íslands. Sama gildir um umboðsmann eða prókúruhafa eftir því sem við getur átt.

Lögmanni er óheimilt að taka við fjármunum til geymslu eða ráðstöfunar ef það er ekki í tengslum við verkefni, sem hann vinnur að, eða ef hann veit ekki deili á eiganda fjármunanna eða umboðsmanni hans sbr. 2. mgr.

Ef lögmaður fær vitneskju eða rökstuddan grun um að nota eigi þjónustu hans skv. 2. mgr. til peningabættis, ber honum að segja sig frá verki.

A. Tilkynningu kla!

2. mgr. 23. gr. verður 5. mgr.

Tillaga um breytingu á 29. gr. lögmannalaga:

3. mgr. 29. gr. orðist svo:

Brot gegn 1. mgr. 22. gr., 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum,